

Reykjavík, 16. febrúar 2026

Til aðildarfyrirtækja SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

BOÐUN AÐALFUNDAR SVP – SAMTAKA VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Með bréfi þessu er boðað til aðalfundar SVP – Samtaka verslunar og þjónustu hinn 12. mars 2026 kl. 11:00 á Parliament Hotel Reykjavík, Gamli Kvennó – Blái salur 2. hæð, Thorvaldsenstræti 2–6, 101 Reykjavík.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Ræða formanns SVP
2. Skýrsla stjórnar SVP fyrir liðið starfsár
3. Reikningar SVP fyrir liðið reikningsár
4. Lýst kosningu meðstjórnenda í stjórn SVP
5. Lýst kosningu í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins
6. Kosning löggilts endurskoðanda SVP
7. Breytingar á samþykktum SVP
8. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál

Nánar um einstaka dagskrárliði:

Um 2. Dagskrárlið

Skýrsla stjórnar SVP verður gerð aðgengileg á vefsvæði SVP fyrir fundinn. Á fundinum verður gerð grein fyrir helstu atriðum skýrslunnar.

Um 3. Dagskrárlið

Reikningar SVP fyrir reikningsárið 2025 munu liggja fyrir á skrifstofu SVP aðildarfyrirtækjum til skoðunar eigi síðar en frá með 4. mars 2026. Á fundinum verður gerð grein fyrir efni þeirra.

Um 4. og 5. Dagskrárliði

Til samræmis við ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 14. gr. sbr. 2. mgr. 15. gr. samþykktu SVÞ skal kjósa þrjú meðstjórnendur til tveggja ára á aðalfundi SVÞ 2026, þ.e. kjörtímabilið milli aðalfunda 2026 og 2028.

Kjörnefnd SVÞ 2026 yfirfer framkomin framboð til stjórnar SVÞ og fulltrúaráðs Samtaka atvinnulífsins.

Framboðsfrestur rennur út 18. febrúar 2026. Berist nefndinni fleiri en þrjú framboð til stjórnar SVÞ eða fleiri framboð til fulltrúaráðs Samtaka atvinnulífsins en sem nemur fulltrúasætum SVÞ er þess vænst að kjörgögn verði send aðildarfyrirtækjum 19. febrúar 2026.

Kosningarnar verða rafrænar, kjörstjórn mun tilkynna um upphafs -og lokatíma með sérstakri tilkynningu.

Um 7. Dagskrárlið

Stjórn SVÞ – Samtaka verzlunar og þjónustu leggur til eftirfarandi breytingu á samþykktum SVÞ, frá 26. maí 1999, með síðari breytingum:

1. Í stað fjárhæðanna „kr. 25.000“ og „kr. 1.600.000“ í 9. gr. kemur: 30.000 kr.; og: 1.700.000 kr.
2. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Fjárhæð lágmarksárgjalds og hámarksárgjalds skal hækka um 2,5% hinn 1. apríl ár hvert, í fyrsta sinn hinn 1. apríl 2027. Hækkun hvers árs skal koma til hækkunar á þeim hlutum árgjalds sem ekki hafa komið til innheimtu, sbr. 10. gr., á þeim degi. Stjórn SVÞ getur þó ákveðið að árleg breyting verði önnur en 2,5%, bæði til hækkunar eða lækkunar, ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar SVÞ – Samtaka verzlunar og þjónustu

Auður Daníelsdóttir

Formaður SVÞ